

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Hafrannsóknastofnunarinnar“ tvívegis í ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögnum, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, kemur: sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi aðilar ekki náð að nýta sér að fullu eða að hluta þær aflheimildir sem voru þeim til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu 2002/2003 til tilrauna með áframeldi á þorski á því fiskveiðiári, sbr. b-lið 16. gr. laga nr. 85 15. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að samþykkja að ónýttar aflheimildir verði nýttar í sama tilgangi á fiskveiðiárinu 2003/2004.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni M. Mathiesen.